

## Sveitarstjóri Dalir

---

**From:** Sveitarstjóri Dalir  
**Sent:** 21. desember 2017 17:58  
**To:** Finnbogi Kristjánsson  
**Cc:** Eyjolfur Bjarnason; Eypór Jón Gíslason (Eypór Jón Gíslason (brekkuhvammur10@simnet.is)); Halla Steinolfsdóttir (Halla Steinolfsdóttir (hallasteinols@gmail.com)); Ingveldur Guðmundsdóttir (Ingveldur Guðmundsdóttir (ing.gudm@gmail.com)); Jóhannes Haukur Hauksson (Jóhannes Haukur Hauksson (johanneshh@simnet.is)); Sigurður Bjarni Gilbertson; Valdís Gunnarsdóttir; Porkell Cýrusson (Porkell Cýrusson (keli@audarskoli.is))  
**Subject:** 1609021 - Svar við tilboði dags.18.12.2017



### Fasteignasalan Frón Finnbogi Kristjánsson

Tilkynni hér með að Dalabyggð mun taka tilboði Arnarlóns ehf. dags. 18. desember sl. í eignir Dalabyggðar að Laugum og Sælingsdalstungu með eftirfarandi fyrirvörum:

- Að ekki berist hagstæðara tilboð fyrir 30. desember nk. sbr. samþykkt sveitarstjórnar 14. desember sl.
- Að meirihluti meðeigenda Dalabyggðar í Dalagistingu ehf. samþykki tilboðið.
- Að vatnsverndarsvæði í landi Sælingsdalstungu verði skipt frá jörðinni og verði áfram í eigu Dalabyggðar ásamt vatnsréttindum og vatnsveitu.
- Að veðskuldabréf með gjalddaga 31.12.2022 beri eðlilega fasteignavexti frá útgáfudegi.
- Að veðskuldabréf verði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í öllum seldum eignum.
- Að samkomulag náist við kaupanda um langtímaleigu (>= 10 ár) fyrir Byggðasafn Dalabyggðar og tryggt verði gott aðgengi að safninu og aðgengi að salernum og ræstihvergi.
- Að kaupandi yfirtaki frá afhendingardegi verktakasamning milli Dalabyggðar og Ungmenna- og tómstundabúða dags. 30. maí 2011 enda tengist samningurinn rekstri Ungmenna- og tómstundabúða og samsvarandi leigusamningi. Samningarnir gilda til 30. maí 2019. Að samkomulag náist um að Dalabyggð greiði kaupanda mánaðarlegt þjónustugjald til sama tíma til að tryggja hefðbundin afnot grunnskóla, ungmennasambands (UDN) og íbúa að sundlaug og íþróttahúsi.

Tilboðið Arnarlóns ehf. sundurliðast þannig skv. upplýsingum fasteignasala/tilboðsgjafa:

|  | <b>3.<br/>kauptilboð<br/>18.12.2017</b> |
|--|---|
| <b>Tilboðsupphæð samtals</b>   | <b>460.000.000</b>                      |
| a) Húseignir að Laugum með lóðarréttindum  | 340.000.000                             |
| b) Jörðin Laugar (50%) ásamt sumarhúsalóðum  | 20.000.000                              |
| c) Skólalóðin ásamt jarðhitaréttindum og hitaveitu<br>Jörðin Sælingsdalstunga að undanskildu íbúðarhúsi og | 45.000.000                              |
| d) vatnsréttindum  | 55.000.000                              |

Með kveðju,  
Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
Miðbraut 11, 370 Búðardal.  
sími: 430 4700  
netfang: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)  
veffang: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

---

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.  
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---